

# Ársskýrsla og reikningur 2011



Aðalfundarfulltrúar KGSÍ á Húsavík 28. maí 2011

## Kirkjugarðasamband Íslands

Maí 2012

## Efnisyfirlit:

Skýrsla stjórnar KGSÍ ..... bls. 3 - 11

Ársreikningur KGSÍ 2011 (sjá efnisyfirlit þar).

Fjárhagsáætlun 2012 ..... aftan við ársreikninginn.

# Ársskýrsla KGSÍ 2011

## 1. Tekjur kirkjugarða landsins árið 2011

Framlag ríkisins til kirkjugarða landsins árið 2011 var kr. 844.700.000 auk þess sem greiddar voru uppbætur vegna ársins 2009 kr. 8.845.540 og vegna ársins 2011 kr. 15.800.000, samtals kr. 869.345.553, þar af kr. 73.894.371 (8,5%) sem rennur í Kirkjugarðasjóð. Skiptingin er þessi:

Kirkjugarðasjóður .....	kr. 73.894.371
Umhirðusjóður .....	kr. 636.447.306
Grafarsjóður .....	kr. 136.553.428
Bálstofan í Fossvogi .....	kr. 22.450.422

Framlag ríkisins árið 2010 var kr. 901.211.003 og er lækkunin á milli ára tæplega 4%, þegar tekið hefur verið tillit til uppbóta vegna 2009 og 2011. Verðlagshækkningar vegna verðbólgu bætast síðan við. Þar er þó ekki öll sagan sögð því samningurinn milli ríkisins og Kirkjugarðaráðs gerir ráð fyrir hækkun einingaverða (umhirðugjald og greftrunargjald) með þeim hætti að stækkun grafarsvæða og aukinn fjöldi jarðsetninga hækka framlagið umfram verðlagsbreytingar (almenn þróun verðlags og launa). Einingaverðin hafa verið lækkuð og hefur því skerðing ríkisins undanfarin ár margfeldisáhrif.

## 2. Hlutverk KGSÍ við útteilingu á framlagi ríkisins til kirkjugarða

Rétt er að rifja upp hvernig framlagi ríkisins var á árinu 2011 komið til kirkjugarða landsins.

Tekjur kirkjugarða byggjast að verulegu leyti á framlagi ríkisins og hér að neðan er því lýst með hvaða hætti þessar tekjur rata til kirkjugarða landsins:

1. Fjármálaráðuneyti gefur KGSÍ upp endanlegt framlag ríkisins til kirkjugarðamála á komandi ári, þegar sú tala liggur fyrir í fjárlögum (desember).
2. KGSÍ lætur reikna út greftrunargjald og umhirðugjald. Greftrunargjald er ákveðið í upphafi hvers árs og fer gjaldið eftir því hvar kirkjugarðurinn er staðsettur. Á heimasíðunni [www.gardur.is/2011](http://www.gardur.is/2011) má finna í hvaða flokki viðkomandi kirkjugarður er og hvað hann fær fyrir grafartöku. Greftrunargjald er greitt eftir að viðkomandi kirkjugarðsstjórn eða fulltrúi hennar hefur fyllt út jarðsetningarskýrslu á vefnum [gardur.is](http://gardur.is). Umhirðugjald er greitt eftir stærð og staðsetningu grafarsvæða.
3. KGSÍ útbýr mánaðarlega skiptingu á fjárhæðinni, þ.e.a.s. hvað hver fær mánaðarlega á greiðsluári:
  - a) Kirkjugarðasjóður v/ prósentuframlags (8,5% greitt beint frá Fjársýslu ríkisins).
  - b) greftrunarsjóður v/greftrana.

c) umhirðugjald til kirkjugarða landsins.

d) framlag til Bálstofu í Fossvogi.

4. Fjársýsla ríkisins sendir framlag ríkisins inn á bankareikning KGSÍ 15. hvers mánaðar.

5. KGSÍ greiðir umhirðugjald 15. hvers mánaðar:

a) umhirðugjaldið inn á reikninga kirkjugarða,

b) greftrunargjaldið til þeirra kirkjugarða sem senda inn jarðsetningarskýrslur á [www.gardur.is](http://www.gardur.is)

c) inn á reikning bálstofunnar í Reykjavík.


Einingaverðið hefur lækkað verulega á undanförunum árum og er nú svo komið að erfitt er fyrir kirkjugarða að greiða greftrunarkostnað og kostnað vegna prestsþjónustu við útfarir. Meðaltalslækkun greftrunargjalds milli árunna 2010 og 2011 er um 13%.

### **3. Aukin verkefni hjá KGSÍ – greiðsla til presta fyrir þjónustu við útfarir**

Síðastliðin sjö ár eða frá árinu 2005 hefur KGSÍ séð um að reikna út og útdeila framlagi ríkisins til kirkjugarða landsins. Fyrstu þrjú árin komu greiðslurnar frá Fjársýslu ríkisins (umhirðan) og frá Kirkjugarðasjóði (greftranir) en frá 2008 hefur KGSÍ alfarið séð um þessi peningamál, þ.e.a.s. bæði útreikninga og greiðslu þess fjármagns sem ákveðið er á fjárlögum hverju sinni. Frá síðustu áramótum hefur KGSÍ enn aukið þjónustu við kirkjugarða landsins með því að sjá um greiðslur til presta vegna þjónustu þeirra við útfarir. Það fyrirkomulag, sem áður var við lýði, var með þeim hætti að sá kirkjugarður, sem grafið var í, greiddi presti fyrir útfararþjónustu eftir að viðkomandi prestur hafði sent reikning til kirkjugarðsins. Forsenda þeirrar greiðslu var greiðsla úr ríkissjóði eftir að útfyllt hafði verið svonefnd *jarðsetningarskýrsla* eftir jarðsetningu. Kirkjugarðar landsins eru rúmlega 250 talsins og útfarir um eða yfir 2000 og voru þar af leiðandi margir sem komu að afgreiðslu þessara mála yfir árið.

Eins og áður sagði hefur KGSÍ haft á höndum útreikninga og greiðslur á framlagi ríkisins til kirkjugarða síðastliðin ár. Þessi greiðsluþjónusta hefur frá upphafi verið tölvuvædd og þar er miðlæga legstaðaskráin **Garður** ([www.gardur.is](http://www.gardur.is)) í lykilhlutverki. Vegna þessarar greiðsluþjónustu hefur KGSÍ rafrænar bankaupplýsingar um alla garðana sem undanfarin ár hafa sent inn svonefndar jarðsetningarskýrslur sem eru forsenda hinnar miðlægu legstaðaskrár og um leið forsenda greiðslu grafarkostnaðar garðs og þjónustu prests. Auðvelt var að halda eftir greiðslum til prestanna og greiða þeim beint í stað þess að þeim væri greitt frá viðkomandi kirkjugarði. Þetta er nú gert rafrænt á sama tíma og lögbundnar greiðslur til kirkjugarða vegna greftrana og hefur ekki aukakostnað í för með sér, hvorki fyrir presta né kirkjugarða.

Hér má sjá flæðirit sem sýnir leið peninga frá Fjársýslu ríkisins til KGSÍ og þaðan til kirkjugarða og presta. Frá kirkjugörðum og prestum til KGSÍ koma skýrslur sem eru forsenda greiðslunnar.



**Framlag ríkisins kemur til KGSÍ. Kirkjugarðar og prestar senda skýrslur til KGSÍ og fá til baka greiðslur fyrir jarðsetningar og þjónustu við útfarir.**

Nú er **allt landið eitt greiðslusvæði** og sú breyting hefur í för með sér að prestar þurfa ekki lengur að innheimta þóknun fyrir útfararþjónustu með því að senda handgerða reikninga til kirkjugarðastjórna (sóknarnefnda). Í staðinn þarf viðkomandi prestur að fylla út útfararskýrslu á Garður þar sem hann gerir grein fyrir útförinni (eyðublað sem er uppbyggt eins og dánarskýrslan). Þóknun og aksturskostnaður eru síðan greidd í samræmi við gildandi reglugerð nr. 155/2005. Greiðslan er send beint frá KGSÍ sem verktakalaun 15. næsta mánaðar. Kirkjugarðsstjórn eða fulltrúi hennar þarf áfram að fylla út svonefnda jarðsetningarskýrslu þar sem gerð er grein fyrir upplýsingum sem snerta viðkomandi kirkjugarð (nr. leiðis, nafn rétthafa leiðis o.fl.). Sama gildir hvort heldur sem útförin er jarðarför eða bálför. Þessar skráningar prestanna (útfararskýrsla) og fulltrúa garðanna (jarðsetningarskýrsla) eru síðan uppistaðan í miðlægu legstaðaskránni Garður sem opin er almenningi og mikið notuð.

Margir kirkjugarðar hafa nú þegar verið mældir inn með GPS-tækni. Nú er hafin vinna við að tengja þessi kort við Garð og er það gert í samvinnu við fyrirtækið Ísgraf ehf sem sérhæfir sig í kortagerð út frá loftmyndum. Áformað er að þeir sem skoða kirkjugarða og legstæði í framtíðinni geti nálgast viðkomandi kirkjugarð út frá loftmynd af því landsvæði sem garðurinn er hluti af og hægt verði að smella á hvaða leiðisnúmer sem er og fá upplýsingar um hver liggur þar undir. Þessi samtenging eykur öryggi og auðveldar starfsfólki kirkjugarða úthlutun grafa. Legstaðaskrá Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP) hefur í rúmlega tvo áratugi verið tölvutæk og „keyrð“ á gamla AS-tölvu eins og algengt var fyrir netvæðingu. Nú hafa KGRP lagt þessari tölvu og tekið upp Garð sem framtíðar legstaðaskrá fyrir starfseminu og einnig sem bókunartæki fyrir útfararstofur á höfuðborgarsvæðinu og

skráningarkerfi í líkhúsinu í Fossvogi. Það gefur auga leið að mikill sparnaður er í því fölginn að kirkjugarðar landsins noti miðlægu skrána Garð. Sú þróunarvinna sem unnin hefur verið stendur öllum kirkjugörðum landsins til boða án endurgjalds. Þá vinnu hafa KGRP og Kirkjugarðasjóður kostað.

#### 4. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um kirkjugarða

Frumvarpið er enn óhreyft sjö árum eftir að það var lagt fram í þinginu. Innanríkisráðherra, sem fer með málefni kirkjugarða, hét því að leggja frumvarpið fram á haustþinginu 2011 eða á vorþingi 2012. Af því varð ekki.

#### 5. Aðalfundur 2011 var á Húsavík 28. maí



Aðalfundur KGSÍ 2011 var haldinn á **Húsavík** laugar- daginn 28. maí. Þátttaka var mjög góð. Fimmtíu og sjö fundarmenn rituðu nöfn sín á nafnalista og við kvöld- verðarborðið var heildartala með mökum 94.

Dagskráin var fjölbreytt og þar voru flutt mörg erindi. Heimir B. Janusarson úr græna geiranum hjá KGRP

opnaði smiðju garðyrkjudeildar KGRP og miðlaði af reynslu þáðan. Halldór Valdimarsson fyrrverandi skólastjóri á Húsavík flutti erindi um sögu Húsavíkur og var það sérdeilis skemmtilegt og fróðlegt. Guðmundur Rafn Sigurðsson hjá kirkjugarðaráði kynnti leiðbeiningarit um grasumhirðu kirkjugarða sem kirkjugarðaráð hefur látið vinna í samvinnu við VSÓ ráðgjöf. Halldór Hallgrímsson starfsmaður Vestmannaeyjakirkjugarðs sagði frá starfi sínu í Eyjum og sýndi myndir með erindinu sem lýsti á skemmtilegan hátt starfi við meðalstóran kirkjugarð á Íslandi. Þórsteinn Ragnarsson hjá KGRP sagði frá þróun framlags ríkisins til kirkjugarða frá hrúni og fór yfir skýrslu sem Capacent gerði fyrir KGSÍ og sýnir að framlag ríkisins á árunum 2005 til 2011 endurspeglar ekki fyllilega það samkomulag sem gert var milli ríkisins og kirkjugarðaráðs í ársbyrjun 2005. Mismunur eru tugir milljóna undir því sem kirkjugarðar hefðu átt að fá samkvæmt samningnum. Síðan fór Þórsteinn yfir fyrirhugaðar breytingar á greiðslufyrirkomulagi til presta sem felast í því að KGSÍ mun frá 1. janúar 2012 greiða prestum beint fyrir þjónustu þeirra við útfarir en ekki viðkomandi kirkjugarður sem jarðsett er í. Nýja fyrirkomulagið á að vera skilvirkara varðandi upplýsingar um útfarir og jarðsetningar og auðvelda öllum aðilum innheimtu og greiðslu þessarar þjónustu.

Fundarmenn og makar fóru síðan í hvalaskoðun út á Skjálfanda og sáu þar bæði hnísur og hnúfubak rétt við bátinn. Kalt var í veðri og nokkur sjógangur en enginn varð sjóveikur og frá borði fóru allir ánægðir eftir velheppnaða ferð.

Um kvöldið var hátíðarkvöldverður á Hótel Húsavík þar sem fundað var um daginn og þar var góð samvera fram eftir kvöldi. Heimamenn sáu um tónlist og söng og héldu uppi góðu stuði.



Fyrir hádegi á sunnudeginum var farin skoðunarferð um Húsavíkurkirkjugarð undir leiðsögn sr. Sighvats Karlssonar sóknarprests. Garðurinn ber vott um frábæra umhirðu og mega Húsvíkingar vera stoltir af honum. Aðalfundargestir fóru að lokum í Húsavíkurkirkju þar sem sr. Sighvatur sagði frá sögu kirkjunnar og samverunni lauk síðan með sálmasöng, ritningarlestri og bæn.

## 6. Sameining kirkjugarðastjórna – lítill áhugi

Þrátt fyrir mikla hagsmuni, sem felast í sameiningu kirkjugarðastjórna, er nú ljóst orðið að áhugi og skilningur þeirra, sem stjórna þeim málum í hinum dreifðu byggðum landsins, er ekki fyrir hendi og áhuginn er ekki heldur til staðar í þéttari byggðum þar sem mjög auðvelt er að koma slíkri sameiningu við. Stjórn KGSÍ hefur haldið marga fundi og hvatt til sameininga þar sem aðstæður leyfa en viðbrögð eru nánast engin. Prófastar sem leiða eiga slík sameiningarmál hafa ekki beitt sér og sóknarprestar eru afskiptalausir. Þetta eru mikil vonbrigði vegna þess að með sameiningu, t.d. 4-6 kirkjugarðastjórna innan prestakalls, er unnt að koma við hagkvæmari og markvissari stjórnun en mögulegt er þegar einingarnar eru örsmáar.

Sem dæmi um þessa tregðu má nefna að í byrjun árs 2011 sat formaður KGSÍ fund um hugsanlega sameiningu sjö kirkjugarðastjórna á Suðurnesjum sem Keflvíkingar höfðu frumkvæði að. Aftur funduðu fulltrúar úr stjórn KGSÍ í byrjun 2012 með öllum aðilum og í kjölfar þess fundar voru gerðar arðsemisathuganir á sameiningu og í ljós kom að allar aðstæður væru mjög ákjósanlegar. Eftir þennan fund fóru fulltrúar

þeirra kirkjugarða, sem fundinn sóttu, hver til síns heima til að funda með sínu fólki um hugsanlega sameiningu. Nýlega kom tilkynning að ekki væri áhugi fyrir sameiningu. Engar ástæður voru tilgreindar.

## 7. Tölvubókhald fyrir kirkjugarða

Í lok árs 2009 var sett upp ársyfirlit fyrir kirkjugarða á slóð tengdri gardur.is. Yfirlitið virkar með þeim hætti að þær greiðslur sem berast frá ríkinu eru færðar á tekjuliði garðanna. Á þessari slóð er hægt að sjá frá mánuði til mánaðar framlag ríkisins á hverju ári. Einnig er hægt að sjá nöfn þeirra sem jarðsettir eru í viðkomandi garð og greiðslur vegna grafartöku. Þarna er kominn vísir að bókhaldskerfi fyrir minni garða. Samskonar greiðsluyfirlit er inni á vinnusvæði presta og geta þeir þar upp þeim útförum sem þeir hafa verið með og hafa komið til greiðslu frá KGSÍ.

Stjórnin ræddi um að breyta ársreikningsformi kirkjugarðanna, þ.e. að þeir þurfi ekki að taka inn í sína ársreikninga framlagið til Kirkjugarðasjóðs. Fyrirkomulagið hefur sem sagt verið með þeim hætti að kirkjugarðar þurfa að telja sér til tekna 8,5% framlagið sem þeir aldrei fá en greiðist beint til Kirkjugarðasjóðs. Þessari breytinga-tillögu stjórnar KGSÍ var vísað til Kirkjugarðaráðs sem ræddi málið við Ríkisendurskoðun og er hún þar í athugun. Ekkert hefur heyrst frá Ríkisendurskoðun um þetta efni og hefur erindið verið ítrekað.

## 8. Þróun einingaverðs umhirðu og greiftrana – framlag ríkisins

Í janúar 2011 kom út skýrsla sem var afrakstur rannsóknar sérfræðing frá Capacent. Sérfræðingnum var falið það verkefni að yfirfara það samkomulag sem er í gildi um framlög til Kirkjugarðaráðs frá ríkinu og einnig yfirfara þann útreikning sem hefur legið til grundvallar framlaga undanfarinna ára (frá 2005). Skýrslan sýndi fram á að nokkuð hallaði á kirkjugarða við útreikninga fjármálaráðuneytis á árlegu framlagi.

Stjórn KGSÍ hefur fundað með þeim sem reikna út framlag ríkisins og óskað eftir leiðréttingum á þeim atriðum sem augljóslega hafa farið úrskaiðis miðað við forsendur samkomulagsins. Enginn hefur mótmælt skýrslu Capacent en vilji til leiðréttinga er ekki fyrir hendi og ljóst er að við ramman reip verður að draga í þeim efnun.

Einnig ákvað stjórn KGSÍ að láta gera úttekt á þróun einingaverðs til kirkjugarða landsins en einingaverðið hefur KGSÍ látið reikna út og er það misjafnt eftir því hvar og hversu stórir kirkjugarðar eru (umhirðugjald á fermetra og grafarverð). Framlagi ríkisins er síðan skipt niður á kirkjugarða eftir þessu einingaverði. Rætt var við sérfræðinginn hjá Capacent sem samdi skýrsluna um útfærslu sammingsins við ríkið og sendi hann stjórn KGSÍ eftirfarandi minnispunkta:

*Frá árinu 2005 hefur tekjum til kirkjugarða verið skipt eftir líkani sem sett var upp til að meta raunkostnað við rekstur einstakra kirkjugarða, svokallað gjaldalíkan. Líkanið vinnur út frá einingaverðum fyrir mismunandi þætti í rekstri kirkjugarðanna sem voru fundin út eftir mikla greiningarvinnu. Þessi einingaverð hafa síðan verið uppfærð miðað við breytingu á vísitölum. Hugmyndafræði gjaldalíkansins gengur út á að magntölur frá einstaka kirkjugörðum margfölduð með þessum einingaverðum eigi að endurspegla sannarlegan rekstrarkostnað kirkjugarðanna miðað við ákveðið þjónustustig.*



Áð beiðni Þórsteins Ragnarssonar hjá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastdæma var Capacent fengið til að meta aðkomu og kostnað við að uppfæra þann grunn sem liggur á bak við gjaldalíkanið út frá þeim raunkostnaði sem er nú á íslenskum markaði.

Capacent hefur farið yfir skýrslu frá 2003 um fjármál kirkjugarða, þar sem gjaldalíkanið er útlistað og reiknaður út rekstrarkostnaður allra kirkjugarða út frá líkaninu, einnig skoðað fleiri gögn sem snúa að líkaninu og úthlutunum tekna frá árinu 2006. Það er niðurstaða Capacent að nær ómögulegt er að fara í endurskoðun á þeim einingaverðum sem liggja til grundvallar nema ef að því verki verði fengin sú sérþekking á málefnum kirkjugarðanna sem vinnuhópurinn sem bjó til líkanið sannarlega hafði.

Ástæðan er sú að við mat á einingarverðum hefur verið sótt í markaðsvirði fyrir ýmsa þjónustu (n.b. þær upplýsingar ætti ekki að vera erfitt að uppfæra) og í framhaldinu verið lagt mat á það einingaverð út frá mismunandi aðstæðum sem eru til staðar í kirkjugörðum og væntingum um þjónustustig. Það er þetta mat sem krefst sérþekkingar sem líklega fáir búa yfir.

Það er hinsvegar mat Capacent að nauðsynlegt er að geta uppfært einingaverðin ásamt magntölum til að geta fengið út raun rekstrarkostnað einstakra kirkjugarða og þannig tryggt sanngjarna skiptingu á rekstrarframlagi ríkisins. Því væri skynsamlegt fyrir KGSÍ að setja upp líkan í Excel þar sem einingaverðin eru reiknuð út frá viðurkenndum einingaverðum á markaði sem tiltölulega auðvelt er að uppfæra. Þannig yrði til reiknilíkan til að finna út rekstrarkostnað m.v. væntingar um þjónustustig árlega án þess að mikil vinna væri á bak við það.

Aðkoma Capacent að slíku verkefni myndi felast m.a. í verkstjórn, uppsetningu á líkani og upplýsingaöflun. KGSÍ myndi tilnefna aðila að þessari vinnu sem hefðu þá sérþekkingu á málefnum kirkjugarðanna sem er nauðsynleg. Capacent hefur mikla reynslu af uppsetningu á sérhæfðum reiknilíkönunum í Excel og má þar m.a. nefna uppgjör- og áætlanalíkön fyrir sveitarfélög, líkön fyrir viðskiptaáætlanir sem dreift er á vef Impru Nýsköpunarmiðstöðvar, kostnaðargreiningar fyrir framleiðslu og þjónustufyrirtæki o.fl.

Ekki er hægt að segja að svo stöddu hver kostnaðurinn væri við verkefni sem þetta. Fyrst þarf að setja nánari ramma um verkefnið og skilgreina aðkomu einstakra aðila að því.

Virðingarfyllt,

Hallbjörn Björnsson, Capacent.

Stjórn KGSÍ mun á árinu 2012 nálgast þetta verkefni enn frekar og líklegt er að ráðinn verði sérfræðingur sem færi yfir forsendur og útreikninga ásamt stjórn KGSÍ. Vonandi verður síðan hægt að kynna niðurstöðu þessarar greiningar á aðalfundi KGSÍ 2013.

## 9. Legstaðaskráin gardur.is



Hin miðlæga legstaðaskrá Gardur er í umsjón og eigu Kirkjugarðasambands Íslands. Annað meginmarkmið hennar er að skapa almenningi aðgang að upplýsingum um legstað látinna manna á Íslandi og jafnframt að veita upplýsingar um viðkomandi kirkjugarða, þ.m.t. kort, texta, myndir og teikningar. Þetta markmið hefur náðst að hluta og er heimasíðan mikið notuð, um 500 upp-flettingar á dag að jafnaði. Segja má að þetta sé nýting legstaðaskrárinnar „út á við“ en nýting hennar „inn á við“ er ekki síður þýðingarmikil. Í tengslum við legstaðaskrána Gardur hafa verið útbúin ýmis hliðarforrit sem stjórna hinum ýmsu verkþáttum, s.s. skráningarkefri í líkhúsi, bókunarkerfi, verkbeiðnakerfi, greiðslukerfi presta og kirkjugarða o.fl. Þessi kerfi standa öllum kirkjugörðum opin og er auðvelt fyrir kirkjugarðastjórnir að velja það sem hentugt þykir miðað við umfang starfseminnar.

Skil á jarðsetningarskýrslum hafa ekki verið viðunandi síðastliðin ár og hefur það verið árviss vinna hjá starfsfólki Kirkjugarða Akureyrar að heimsækja Þjóðskrá til að finna upplýsingar um látna einstaklinga sem ekki hafa verið skráðir á gardur.is. Ákveðið var á aðalfundinum á Húsavík að gera prestum skylt frá og með 1. janúar 2012 að senda inn á Gard skýrslu um prestþjónustu við útfarir áður en til greiðslu komi og greiða þeim síðan beint frá KGSÍ. Með því munu ótilkynntar jarðsetningar nær heyra sögunni til.

Næsta stórverkefni KGSÍ verður að uppfæra kort og teikningar af kirkjugörðum landsins og koma þeim í gagnvirka tengingu við legstaðaskrána gardur.is. Sú vinna er hafin og munu Kirkjugarðar Reykjavíkur taka þátt í þeirri þróunarvinnu.

## 10. Stjórn og formaður

Stjórn og varastjórn gáfu áfram kost á sér. Á aðalfundinum á Húsavík voru endurkosnir í stjórn Guðmundur Rafn Sigurðsson framkv.stj. Kirkjugarðaráðs, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar og Þórsteinn Ragnarsson forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, sem kosinn var formaður. Í varastjórn voru endurkosin Indriði Valdimarsson frá Akranesi og Katrín Birna Viðarsdóttir frá Ásólfsskála.

Á milli aðalfunda voru haldnir átta stjórnarfundir auk margra óformlegra funda í síma og á netinu. Þegar fundargerðum er flett má t.d. nefna fund sem Smári og Þórsteinn sátu og haldinn var 13. sept. 2011 í innanríkisráðuneytinu þar sem úttektarskýrsla Capacent á samningi ríkisins og kirkjugarða var til umræðu. Þar kom fram að ráðuneytismenn gátu ekki hrakið úttekina en bentu á að erfitt væri um vik við afturvirkar leiðréttingar. Hvað varðar mismun á fjölda látinna í þeirra gögnum og okkar var talið að því ætti að vera auðvelt að „kippa í liðinn“. Nokkrum dögum síðar áttu Guðmundur Rafn og Þórsteinn fund með Hermanni Sæmundssyni frá innanríkisráðuneytinu ásamt lögmanni ráðuneytisins. Þar var rætt um margumrætt lagafurmvarp um kirkjugarða, þar sem meginmarkmiðið var að fá inn í greinargerð með furmvarpinu aðskilnað lögbundinna verkefna kirkjugarða og rekstur líkhúsa. Að ekki komi til skerðing á framlagi til kirkjugarða ef heimild verður veit til innheimtu þjónustagjalds vegna líkhúsa. Kom fram að frumvarpið er komið á málaskrá þingsins í haust. Þær væntingar sem stjórn KGSÍ gerði um afgreiðslu frumvarpsins gengu ekki eftir eins og menn vita sem lesa þessa skýrslu. Reynt verður engu að síður að miða málinu áfram til að freista þess að koma því fyrir þingið haustið 2012.

## 11. Kirkjugarðasamband Íslands og Kirkjugarðaráð

Kirkjugarðaráð hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins. Kirkjugarðaráð er jafnframt stjórn Kirkjugarðasjóðs sem er jöfnunarsjóður fyrir kirkjugarða landsins. KGSÍ tilnefnir einn stjórnarmann í Kirkjugarðaráð og hefur formaður stjórnar KGSÍ verið tilnefndur í stjórn ráðsins af KGSÍ undanfarin ár. Kirkjugarðaráð hefur gert samkomulag við stjórn KGSÍ til nokkurra ára um ýmislegt sem lýtur að málefnum kirkjugarða, s.s. útteilingu á framlagi ríkisins til kirkjugarða, rekstur á gardur.is, námskeið o.fl.

Á árinu var gerður þjónustusamningur milli KGSÍ og Kirkjugarðaráðs sem felur í sér sex miljón króna framlag frá Kirkjugarðasjóði á ári næstu fjögur árin. Fjárhæðin á að nægja til að uppfylla skyldur og þjónustu KGSÍ sem kveðið er á um í þjónustusamningum.

## 12. Útgáfa Bautasteins - fagrits

Bautasteinn (fagritið) kom út í maí 2011 og 2012 og var þar á ferðinni 1. tölublað 16. árgangs og 1. tölublað 17. árgangs. Hulda G. Greisdóttir blaðamaður hefur séð um viðtöl og greinaskrif í blaðið undanfarin ár og Sigurjón Jónasson, fyrrv. rekstrarstjóri KGRP og jafnframt heiðursfélagi í KGSÍ hefur séð um auglýsingasölu og samskiptin við prentsmiðju. Blaðið flytur faglegar greinar af vettvangi kirkjugarðamála og fylgist með því sem er efst á baugi í útfara- og kirkjugarðamálum. Auglýsingasala og sala blaðsins til stærri kirkjugarða hefur nokkurn veginn staðið undir kostnaði við útgáfuna. Á slóðinni: <http://www.kgsi.is/bautasteinn.html> má sjá Bautastein frá upphafi. Blaðið kemur út í 1.400 eintökum og er dreift um allt land til presta, sveitarstjóra, sóknarnefndarformanna, alþingismanna og fjölmargra annarra einstaklinga og fyrirtækja. Bautasteinn - fréttabréf kom ekki út á árinu 2011.

Ritnefndarfundir vegna Bautasteins hafa gjarnan verið haldnir í tengslum við stjórnarfundir áður en blaðið kemur út á vorin.

## 13. Erlend samskipti - NFKK

Formaður KGSÍ stótti fund NFKK (Nordiska Förbundet för Kyrkogårdar och Krematorier) í Stokkhólmi í febrúar og formaður og varaformaður KGSÍ fóru á fund NFKK í Kaupmannahöfn í september 2011. Í stjórn NFKK sitja fulltrúar allra norrænu landssambandanna og er formaður KGSÍ fulltrúi í norrænu stjórninni og Guðmundur Rafn varamaður hans.

Reykjavík, 11. maí 2012,

  
Þorsteinn Ragnarsson,  
formaður

  
Guðmundur Rafn Sigurðsson,  
stjórnarmaður

  
Smári Sigurðsson  
stjórnarmaður

# Kirkjugarðasamband Íslands

---

Ársreikningur

---

## 2011

Kirkjugarðasamband Íslands  
Vesturhlíð 8  
105 Reykjavík  
kt. 681196-2429

---

# Kirkjugarðasamband Íslands

---

Ársreikningur

---

2011

Þannig samþykkt á stjórnarfundi 7. maí 2012

## **Efnisyfirlit**

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Áritun skoðunarmanna	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-10
Sundurliðanir	

---

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa í Kirkjugarðasambandi Íslands

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Kirkjugarðasambands Íslands fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggir á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun á reikningsskilum. Samkvæmt staðlinum ber okkur að skipuleggja og framkvæma könnun til að öðlast hæfilega vissu um að reikningsskilin séu án verulegra annmarka. Könnun takmarkast fyrst og fremst við fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum starfseminnar ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og veitir þar af leiðandi minni fullvissu en endurskoðun. Við höfum ekki framkvæmt endurskoðun og látum þar af leiðandi ekki í ljós álit um endurskoðun.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins á árinu, efnahag þess 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 7. maí 2012.

Deloitte hf.



Björg Sigurðardóttir  
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

---

Ársreikningur Kirkjugarðasambands Íslands fyrir árið 2011 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Tekjur umfram gjöld af rekstri ársins námu kr. 1.903.192. Rekstrartekjur námu samtals kr. 7.241.685. Heildareignir námu kr. 5.682.775 og eigið fé í árslok 2011 nam kr. 4.513.438.

Að áliti framkvæmdarstjórnar Kirkjugarðasambands Íslands koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sambandsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Framkvæmdastjórn Kirkjugarðasambands Íslands staðfestir með undirritun sinni ársreikning sambandsins fyrir árið 2011.

Reykjavík, 7. maí 2012

## Í stjórn



Þórsteinn Ragnarsson

stjórnarformaður



Smári Sigurðsson

stjórnarmaður



Guðmundur Rafn Sigurðsson

stjórnarmaður


# Áritun skoðunarmanna

---

Við kjörnir skoðunarmenn Kirkjugarðasambands Íslands höfum yfirfarið ársreikning fyrir árið 2011 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 7. maí 2012

  
Ólafur Þ. Guðmundsson

  
Magnús Sigurðsson



# Rekstrarreikningur - almennur rekstur - ársins 2011

	Skýr.	2011	2010
<b>Rekstrartekjur</b>			
Félagsgjöld og styrkir .....		6.329.700	4.886.200
Tekjur af útgáfustarfsemi .....		911.985	870.448
		<u>7.241.685</u>	<u>5.756.648</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Útgáfu- og dreifingarkostnaður .....		1.258.841	1.694.425
Laun og tengd gjöld .....	3	1.222.859	1.243.761
Annar rekstrarkostnaður .....		2.861.071	2.635.439
		<u>5.342.771</u>	<u>5.573.625</u>
<b>Tekjur umfram gjöld án fjármunatekna og fjármagnsgjalda</b>		1.898.914	183.023
Fjármunatekjur .....	4	17.198	32.105
Fjármagnsgjöld .....	5	(12.920)	(21.198)
<b>Tekjur umfram gjöld</b>		<u>1.903.192</u>	<u>193.930</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2011

Eignir	Skýr.	31.12.2011	31.12.2010
<b>Fastafjármunir</b>			
Eignarhlutar í In Memoriam ehf. ....	6	137.502	137.502
		<u>137.502</u>	<u>137.502</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	7	23.000	78.001
Aðrar skammtímakröfur .....	7	532.101	479.774
Handbært fé .....	7	4.990.172	3.312.788
		<u>5.545.273</u>	<u>3.870.563</u>
<b>Eignir</b>		<u>5.682.775</u>	<u>4.008.065</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Eigið fé .....	8	4.513.438	2.610.246
		<u>4.513.438</u>	<u>2.610.246</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma .....		885.640	1.012.007
Aðrar skammtímaskuldir .....	9	283.697	385.812
		<u>1.169.337</u>	<u>1.397.819</u>
<b>Skuldir</b>		<u>1.169.337</u>	<u>1.397.819</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>5.682.775</u>	<u>4.008.065</u>

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2011

---

	Skýr.	2011	2010
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Tekjur umfram gjöld .....		1.898.914	183.023
Veltufé frá (til) rekstri án vaxta og skatta		<u>1.898.914</u>	<u>183.023</u>
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun) lækkun .....		2.674	174.314
Rekstrartengdar skuldir lækkun (lækkun) .....		<u>(228.482)</u>	<u>(239.316)</u>
Handbært fé frá (til) rekstri án vaxta og skatta		1.673.106	118.021
Innborgaðir vextir og arður .....		17.198	32.105
Greiddir vextir .....		<u>(12.920)</u>	<u>(21.198)</u>
<b>Handbært fé frá (til) rekstri</b>		<u>1.677.384</u>	<u>128.928</u>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár .....		1.677.384	128.928
Handbært fé í upphafi árs .....		<u>3.312.788</u>	<u>3.183.860</u>
Handbært fé í lok árs .....		<u>4.990.172</u>	<u>3.312.788</u>

# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Kirkjugarðasamband Íslands er samband kirkjugarða á Íslandi sem stendur vörð um faglega hagsmuni þeirra.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Kirkjugarðasambands Íslands fyrir árið 2011 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sambandsins.

Almenn stefna sambandsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu. Engir framvikrir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá sambandinu.

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Salan er skráð þegar vara eða þjónusta er afhent og eignaréttur hefur færst til kaupanda.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Útistandandi tekjur

Útistandandi tekiur eru færðar á nafnverði.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

## 3. Launamál

	<u>2011</u>	<u>2010</u>
Laun .....	1.028.320	1.061.064
Launatengd gjöld .....	<u>194.111</u>	<u>182.697</u>
	<u>1.222.431</u>	<u>1.243.761</u>

## 4. Fjármunatekjur

	<u>2011</u>	<u>2010</u>
Vaxtatekjur af bankareikningum .....	4.598	11.159
Aðrar vaxtatekjur .....	<u>12.600</u>	<u>20.946</u>
	<u>17.198</u>	<u>32.105</u>

# Skýringar

## 5. Fjármagnsgjöld

	<u>2011</u>	<u>2010</u>
Fjármagnstekjuskattur .....	(917)	(1.992)
Önnur vaxtagjöld .....	<u>(12.003)</u>	<u>(19.206)</u>
	<u>(12.920)</u>	<u>(21.198)</u>

## 6. Eignarhlutar í félögum

In Memoriam ehf. var stofnað árið 2000 og er tilgangur félagsins samfélags- og líknaðarstarf á vegum Kirkjugarðasambands Íslands. In Memoriam ehf. annast meðal annars vefsíðuna [www.gardur.is](http://www.gardur.is). Eignarhlutur Kirkjugarðasambands Íslands í In Memoriam ehf. er að nafnverði kr. 2.000.000 en bókfært virði félagsins er kr. 137.502 í efnahagsreikningi í árslok 2010.

	<u>Hlutdeild</u>	<u>Nafnverð</u>	<u>Bókfært verð</u>
In Memoriam ehf. ....	100%	2.000.000	<u>137.502</u>
			<u>137.502</u>

## 7. Aðrar peningalegar eignir

### Viðskiptakröfur

	<u>31.12.2011</u>	<u>31.12.2010</u>
Innlendar viðskiptakröfur .....	23.000	78.001
	<u>23.000</u>	<u>78.001</u>

### Aðrar skammtímakröfur

	<u>31.12.2011</u>	<u>31.12.2010</u>
KGSÍ (framlag til kirkjugarða) .....	532.101	479.774
	<u>532.101</u>	<u>479.774</u>

### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

# Skýringar

---

## 8. Eigið fé

	<u>Samtals eigið fé</u>
Eigið fé 1.1.2011 .....	2.610.246
Hagnaður ársins .....	<u>1.903.192</u>
Eigið fé 31.12.2011 .....	<u>4.513.438</u>

## 9. Aðrar peningalegar skuldir

### Aðrar skammtímaskuldir

	<u>31.12.2011</u>	<u>31.12.2010</u>
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	62.514	56.161
Ógreiddir ýmsir reikningar .....	<u>221.183</u>	<u>329.651</u>
	<u>283.697</u>	<u>385.812</u>

# Sundurliðanir

2011

2010

## Félagsgjöld og styrkir

Skráning ítarefnis .....	91.500	143.500
Fræðslumál og útgáfa Bautasteins .....	238.200	242.700
Rekstrarstyrkur frá Kirkjugarðasjóði .....	6.000.000	4.500.000
	<u>6.329.700</u>	<u>4.886.200</u>

## Tekjur af útgáfustarfsemi

Auglýsingatekjur .....	911.985	870.448
	<u>911.985</u>	<u>870.448</u>

## Útgáfu- og dreifingarkostnaður

Prentun .....	511.894	582.771
Prófarkalestur og hönnun .....	577.500	577.500
Annar útgáfukostnaður .....	0	304.177
Burðargjöld .....	128.077	186.169
Pökkunarkostnaður .....	41.370	42.296
Gíróseðlar og límmiðar .....	0	1.512
	<u>1.258.841</u>	<u>1.694.425</u>

## Laun og launatengd gjöld

Vinnulaun .....	944.320	956.124
Aksturskostnaður .....	84.000	104.940
Tryggingagjald .....	97.325	85.618
Lífeyrissjóður .....	96.786	97.079
Aðrir sjóðir .....	428	0
	<u>1.222.859</u>	<u>1.243.761</u>

## Annar kostnaður

Aðalfundarkostnaður .....	349.457	390.708
Stjórnarfundakostnaður .....	61.200	51.922
Fræðslufundir .....	60.160	35.890
NFKK kostnaður .....	378.843	0
Pappír, prentun og ritföng .....	50.122	46.350
Bókhaldsvinna, reikningagerð o.fl. ....	402.301	384.802
Önnur aðkeypt þjónusta .....	26.000	0
Auglýsingar .....	38.074	34.613
Ferðakostnaður .....	104.496	100.000
Afskrifaðar tapaðar skuldir .....	61.801	0
Kostnaður vegna gardur.is .....	1.310.717	1.591.154
Annar kostnaður .....	17.900	0
	<u>2.861.071</u>	<u>2.635.439</u>

# Kirkjugarðasamband Íslands

## REKSTRARÁÆTLUN KGSÍ FYRIR ÁRIÐ 2012

### REKSTRARTEKJUR:

Sala auglýsinga í vorblað	1.050.000
Aðrar tekjur vegna vorblaðs (ca. 400 eint. á 600 kr/stk.)	240.000
Skráning ítarefnis	100.000
Styrkur frá Kirkjugarðasjóði	6.000.000

**SAMTALS KR: 7.390.000**

### REKSTRARGJÖLD:

#### Útgáfukostnaður Bautasteins:

Prentun vorblaðs	520.000
Prófarkarlestur og hönnun vorblaðs	600.000
Fréttabréf KGSÍ	195.000

**1.315.000**

#### Dreifingarkostnaður Bautasteins:

Burðargjöld vegna vorblaðs	140.000
Burðargjöld vegna fréttabréfs	60.000
Burðargjöld önnur	5.000
Pökkunarkostnaður	45.000
Gíróseðlar, límmiðar o.fl.	2.000

**252.000**

#### Annar kostnaður:

Laun og launatengd gjöld	1.270.000
Aðalfundarkostnaður	350.000
Bókhaldsvinna, reikningagerð (KGRP)	420.000
Prentkostnaður, umslög og bréfsefni	60.000
Stjórnarfundakostnaður vegna funda	200.000
Kostnaður sérfræðinga, (ath á einingarverðum kirkjugarða)	900.000
Innlendur ferðakostnaður	110.000
Námskeiðahald og aðrir fundir, (Norðurland / Vestfirðir)	500.000
Ferðakostnaður vegna NFKK	400.000
Sérfræðikostnaður vegna gardur.is	1.500.000
Auglýsingar og ýmis tilfallandi kostnaður	60.000

**5.770.000**

**SAMTALS KR: 7.337.000**

Tekjur umfram gjöld án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	53.000
---	--------

### FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNS-GJÖLD:

Vaxtatekjur	20.000
Vaxtagjöld	15.000

### HAGNAÐUR AF REGLULEGUM REKSTRI ÁRSINS

**SAMTALS KR: 58.000**